

REGLUR

um umgengni í kirkjugörðum Stykkishólmsóknar.

1. gr.

Kirkjugarðar eru friðhelgir samkvæmt lögum og því sérhver hávaði og ys bannaður þar. Öllum er frjáls för um kirkjugarðana með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiðir.

2. gr.

Kirkjugarðar Stykkishólmsóknar eru almennt opnir allan sólarhringinn. Öll umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð nema með sérstöku leyfi kirkjugarðsstjórnar hverju sinni. Hraði ökutækja í görðunum má að hámarki vera 15 km/klst.

3. gr.

Öll umferð hunda er bönnuð í görðunum.

4. gr.

Hafa skal samband við kirkjugarðsstjórn áður en farið er í framkvæmdir við leiði og/eða minningarmörk. Hægt er að setja sig í samband við kirkjugarðsstjórn á dagvinnutíma virka daga. Upplýsingar um forráðamenn og nefndir eru á vefsíðu Stykkishólmskirkju.

5. gr.

Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna mold, jurtaleifar eða nokkuð sem veldur óþrýði eða truflun. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

6. gr.

Óheimilt er að gróðursetja tré á leiði. Hafa skal samráð við kirkjugarðsstjórn um alla gróðursetningu fjölæringa og runnaplantna.

7. gr.

Gróður á leiðum er á ábyrgð aðstandenda. Starfsmenn kirkjugarðanna hafa heimild til að snyrta og/eða fjarlægja gróður valdi hann óþægindum eða hættu. Þegar starfsmaður leggur gröf torfi ber að gera slíkt í samráði við aðstandendur eins og framast er unnt.

8. gr.

Starfsmaður kirkjugarðs sér um að tyrfa gröf. Skal það gert við fyrsta tækifæri þegar eitt ár er liðið frá því að gröf er tekin. Óheimilt er að setja legstein á leiði fyrr en það hefur verið tyrft.

9. gr.

Ekki má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlægja neitt af legstæðum, svo sem minnismerki eða aðra varanlega hluti.

10. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu stjórnar kirkjugarða Stykkishólms, samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, grefrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. júní 2021.

F. h. r.

Berglind Bára Sigurjónsdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.